



HUGLEIKUR DAGSSON

Gerir samning við útgáfurisann Penguin

Örmyndasögubókin Avoid Us kemur út í Bretlandi og viðar

FÓLK 38



FRÍTT

FRÉTTABLAÐID

13. ágúst 2006 — 215. tölublað — 6. árgangur

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Krossferð gegn óhollustu

Bandaríski þingmaðurinn og læknirinn dr. Steven Komada lítur á brauð sem fíkniefni og spáir því að óhollusta muni útrýma mannkyninu.


HEILSA 22



Börnin blómstra á Eiðum

Sigríður Þórisdóttir, sálfræðingur og sérkennslukennari, leyfir hugmyndaflugi barna að blómstra á listanám-skeidi á höfðingjasetrinu forna.

MENNING 16



Lágir skattar - aukin velferð

Það er alveg rétt sem bent hefur verið að fjármagnstejkjuskatturinn er lágr, sem við tilteknar aðstæður getur skapað ójöfnuð. En á móti kemur að lágir skattar á atvinnulifíð hafa gagnast þjóðinni einstaklega vel.

UMRÆÐAN 10

Á toppinn með Red Bull

Ókuþóriinn Mark Webber úr liði Williams í Formúlu 1 kapp-akstrinum seigir í viðtali við Fréttablaðið í dag að hann ætti sér langt með liði Red Bull sem hann mun aka fyrir á næsta tímabili. Hann seigir frá ferli sínum í itarlegu viðtali.

ÍPÓTTIR 34




VEÐRIÐ Í DAG



PUNGÚÐ í dag verður hæg norðlæg eða breytileg átt. Lítillsháttar súld eða rigning með köflum við og dreif. Úrkumulaust sunnan og vestan til síðdegis. 10-18 stig, hlýjast til landsins.

VEDUR 4



MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

FJÖLMENNI Í MIÐBÆNUM Gleðigangan fór fram í miðbænum í gær að viðstöddum tugþúsundum áhorfenda. Þátttakendur í göngunni skortuðu glæsilegum búningum og var dansað og sungið niður allan Laugaveginn. Sjá bls. 4 og 20.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

200 bíða hjartabréðingar

Biðtími eftir hjartabréðingum getur farið upp í sex mánuði en hægt væri að hreinsa upp biðlistana með auknu fjármagni. Dæmi eru um að sjúklingar lifi biðina ekki af.

HEILBRIGDISMÁL Nú bíða 200 manns eftir hjartabréðingum á hjarta-deild Landspítalans og geta sjúklingar burft að bíða allt að sex mánuði, að sögn Gests Porgeissonar, yfirlæknis deildarinnar. Gestur seigir að reynt sé að forgangsraða aðgerðum og segir meðalbiðtima undir premur mánuðum. „Þessi bið er þó ekki viðundandi og hún lengist iðulega á sumrin vegna sumarleyfa starfsfólks.“

Gestur seigir að hægt væri að hreinsa upp biðlistana með bættri aðstöðu og meira fjármagni til hjartadeildarinnar. „Kostnaður við hjartabréðingar og aðgerðastofu á vegum hjartadeilda LSH

er um 350-400 milljónir árlega en inni í þessum kostnaði reiknast ekki laun lækna.“

Bíðlistar eru mislangir eftir eðli aðgerða og segir Gestur að á milli 1.600-1.700 manns fari í hjartabréðingar á hjartadeild LSH árlega og þar af fari tæplega 700 í kransæðavíkkun.

Gestur seigir hlutfall hjartadeilda hér á landi með því hæsta í Evrópu og segir hann skýringuna vera þá að þjóðin sé að eldast. Gestur gerir ráð fyrir áframhaldandi aukningu hjartaaðgerða hér-lendis og segir það í takt við þróun mála víða á Vesturlöndum.

Gestur seigir góðan árangur hafa orðið á kransæðavíkkun, sem

er fyrsta meðferð við bráðri kransæðastíflu. „Með þessum aðgerðum hafa lífslíkur kransæðasjúklinga aukist til muna en engir bíðlistar eru í þessar aðgerðir.“

Gestur seigir það fara eftir eðli aðgerðanna í hversu mikilli hættu sjúklingar séu en meðalaldur þeirra sem bíða eftir hjartabréðingum er 65 ár. „Í hópi sjúklinga undir 70 ára eru fleiri karlmanni en konur, en í aldursþópunum yfir 70 er hlutfallið á milli kynna nokkuð jafnt.“

Gestur seigir tölvert um að sjúklingar sprýjist fyrir um stöðu sín að biðlista, sérstaklega þegar hann lengist. Hann segir mikil-

vægt að þeir sem bíði eftir aðgerðum fylgist vel með sjúkdómsein-kennum og breytingum á þeim.

Haraldur Finnsson, formaður Hjartaheills á höfuðborgarsvæðinu, segir bið eftir hjartaaðgerð erfiða bæði fyrir þann sem biði og aðstandendur. „Því miður veit ég dæmi þess að hjartasjúklingar sem biði aðgerðar lifi biðina ekki af og svo eru aðrir sem hafa dottið út af vinnumarkaðnum vegna veikinda á meðan þeir bíða.“

Haraldur segir faglega þjónustu hjartadeildarinnar vera til fyrirmynnar en að brengslin á deildinni séu það mikil að sjúklingar liggi á göngum.

- hs

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra:

Hef verið meira í eftirspurn en framboði

STJÓRNMÁL „Það er mjög brýnt að treysta hagkerfið, sem hefur gengið í gegnum róttækjar breyttingar á undanförnum árum,“ segir Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem gefur kost á sér í embætti formanns Framsóknarflokksins á flokksþinginu eftir viku.

Jón hefur starfað fyrir Framsóknarflokkinn um árabil en skaust nokkuð óvænt upp á sjónar-svið stjórnálmannana í júm begar hann tók sæti í ríkisstjórninni. „Eg er stjórnálamaður sem hefur verið meira í eftirspurn heldur en framboði,“ segir Jón í viðtali við Fréttablaðið í dag.

Spurður um afstöðu sína til atvinnuuppbyggings framtíðarinnar segir Jón megináhersluna verða á uppbyggingu lítila og meðalstórra fyrirtækja. „Þar verður fylkingarbrjóstöð. En jafnframt er ljóst að við eignum hreinar og endurnýjanlegar auðlindir sem nýtast vel í hátækniiðnaði og sjálfsagt að hafa þá möguleika í huga.“ Spurður um stöðu Framsóknarflokksins segist Jón sofa rött þó að fylgið mælist lágt. Flokkurinn hafi alla möguleika til að stækka en það sé undir flokksmönnum sjálfum komið, sem þurfi að vera stoltir af flokknum sínum.

- bps / sjá síðu 8

Fisvél brotleni í flugtaki:

Meiddist á litla fingri í flugslysi

FLUGSLYS Fisvél brotleni við Reyðarvatn á Suðvesturlandi seinnipartinn í gær. Vélin var í flugtaki þegar eitthvað för úrskeiðis með þeim afleiðingum að hún brotleni.

Flugmaðurinn var einn í vélinni. Hann slasaðist lítillega á litla fingri en slapp að örðu leyti ómeiddur.

Björgunarsveit kom manninum til aðstoðar ásamt lögreglanum í Borgarnesi. Eftir skoðun var honum skutlað á Pingvelli þaðan sem hann hélt heim á leið. Vélin er að sögn lögreglu illa skemmd eftir brotleninguna.

- sþs





SPURNING DAGSINS

Júlli, flaug fiskisagan til Dalvíkur í gær?

„Nei, fiskisagan var skrifuð á Dalvík.“

Fiskidagurinn mikli var haldinn hátiðlegur á Dalvík í gær. Þar var yfir hundrað þúsund matarskómmum spörðrennt af um þjáttu þúsund gestum. Július Júlfusson er framkvæmdastjóri hátiðarinnar.



NÝ FLUGVÉL Vélarnar þurfa stutta flugbraut og þola meiri krossvind en sambærilegar vélar.

Floti Flugfélags Íslands staðkar:

Tekur í notkun tvær flugvélar

FLUG Flugfélag Íslands hefur tekið tvær nýjar vélar í notkun. Þær verða notaðar í ýmsum verkefnum fyrir félagið en verkefni í Grænlandi hafa vaxið að undanföru. Petta kemur fram í tilkynningu frá félagini.

Vélarnar, sem eru af tegundinni DASH 8, kosta um sjö hundruð milljónir króna. Þær hafa ýmsa eiginleika sem ekki hafa verið í boði á íslenskum flugmarkaði, svo sem að þurfa stutta flugbraut og þola meiri krossvind en sambærilegar vélar. Flugfélagið hefur nú á tíu flugvélum að skipa. Heildarfærgegjöldi félagsins á síðasta ári var um 350 þúsund. - sþs

LÖGREGLUFRETTIR

Fanginn fundinn Hilmar Ragnarsson, fanginn sem lögreglan í Reykjavík lýsti eftir nú fyrir helgi, er kominn í leitirnar. Hilmar er fangi á Lítla-Hrauni en strauk af læknastofu í Lágmúla síðastliðinn priðjudag.

TYRKLAND

Fækkað í hernum Tyrkneski herinn verður minnkaður um þjáttu prósent á næstu árum, að sögn æðsta herferringja Tyrklands, Yasar Buyukanit. Jafnframt verður útbúnaður hans gerður nýtiskulegri, svo í raun verður hann áhrifaríkari, þótt færri hermenn muni starfa í honum. Tyrkneski herinn er annar stærsti herinn í NATO, á eftir þeim bandarísku.

Mannekla hjá leikskólum í Kópavogi:

Tugi starfsmanna vantar

LEIKSKÓLAMÁL Fjölda starfsmanna vantar til starfa á leikskólum í Kópavogi, að sögn Unnar Stefánsdóttir, leikskólastjóra á Urðarhóli.

„Um mánaðamótin erum við að missa mikið út af sumarafleysingafólk og fáir hafa sótt um þær stöður sem auglýstar hafa verið.“

Í fyrrahast burfti að senda börn heim úr leikskólum í Kópavogi vegna manneklu með tilheyrandi óþægindum fyrir foreldrana.

Sesselja Hauksdóttir, leikskólastjóri í Kópavogi, segir stöðuna hafa breyst til batnaðar á allra síðustu dögum og nú vanti

um fjörutíu manns til starfa. „Mér sýnist staðan betri en í fyrra og geri ekki ráð fyrir að hjá okkur verði lausar stöður fram eftir hausti eins og þá.“

Sesselja bakkar þessar breytingar að nokkrum þeim lagfæringum sem gerðar voru á launakjörum starfssófks leikskóla í Kópavogi síðasta vetur.

Þrátt fyrir þetta segir Sesselja skort á leikskólokennurum alltaf jafn alvarlegan. „Pá vildi ég gjarnan sjá meira af umsónum inn á leikskólanum til að geta valið úr góðu fólk.“

Sesselja segir að þrátt fyrir manneklnuna hafi könnun sem



LEIKSKÓLABÖRN Fáir hafa sótt um þær stöður sem auglýstar hafa verið á leikskólum í Kópavogi.

gerð var meðal starfssófks leikskóla í Kópavogi sýnt að það sé ánægt í starfi og líði vel á vinnustaðnum.

- sdg/hs

Kærður fyrir hylmingu:

Var með stolna skartgripi

LÖGREGLUMÁL Átján ára karlmaður hefur verið ákærður af lögreglunni í Reykjavík fyrir að hafa í vörslu sinni stolna skartgripi sem hann vissi að voru því.

Maðurinn hafði í geymslu, á heimili foreldra sinna án þeirra vitundar, fimm pör af eyrnalokkum, tvö úr, fimm armabönd, sjóhálsfestar og nælu, samtals að verðmæti um hálft milljón króna. Mununum hafði verið stolið úr íbúðarhúsnæði í Reykjavík í október árið 2004.

Akæruvaldið krefst refsingar yfir mannum, en hann er fæddur seitn á árinu 1987.

- æþe

Öryggisráð SP samþykki ályktun um vopnahlé

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt vopnahlésályktun um átökin í Líbanon. Leiðtogi Hizbollah segist ætla að virða vopnahléið fari Ísraelar frá Líbanon. Ísraelar sækja fram af auknum krafti í S-Líbanon.

LÍBANON Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt ályktun þar sem krafist er að vopnahléi verði komið á í Líbanon. Ætlust er til þess að ríkisstjórnir Ísraels og Líbanon staðfesti ályktunina, sem kveður á um „algjöra stöðvun á hernaðarátökum“. Þetta kemur fram á fréttavef breska ríkissjónvarpsins, BBC.

Í ályktuninni segir að liðsmenn Hizbollah-samtakanna skuli hætta öllum árásum og að Ísrael hætti sökn sinni inn í Líbanon strax. Allt að fimmtán þúsund friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna verði sendir til landamæra Líbanons og Ísraels til aðstoðar líbanska hernum við að fylgja eftir vopnahléinu. Ísraelsmenn dragi her sinn til baka í áföngum. Einnig eru Ísraelar hvattir til að semja um lausn líbanskra fanga í Ísrael og þess krafist að íslenskum hermönnum í haldi Hizbollah verði sleppt.

Ríkisstjórn Ísraels mun ræða ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í dag og kjósa um hvort hernaðarátökum verði hætt. Forsetisráðherra Ísraels, Ehud Olmert, hefur beðið ríkisstjórn síná um að staðfesta ályktunina, hún sé jákvæð og viðunandi.

Forsætisráðherra Líbanons, Fouad Siniora, gaf einnig í skyn að vopnahléð yrði staðfest af Líbanon. Hann sagði ályktunina sýna að allur heimurinn hafi staðið með Líbanon. Samkvæmt leiðtoga Hizbollah, Hassan Nasrallah, ætla samtökum að virða vopnahlé.



ÍSRAELSKIR SKRÍÐDREKAR Prátt fyrir ályktun um vopnahlé heldur herafli Ísraela áfram að aukast í suðurhluta Líbanons. Yfirmaður hersins segir ísraelskan her verða í landinu þangað til friðargæsluliðar komi.

FRÉTTABLAÐID/AP

verði í Líbanon þar til friðargæsluliðar Sameinuðu þjóðanna komi til landsins.

Yfir eitt þúsund Líbanar og yfir hundrað og tuttugu Ísraelar hafa láttist í átökunum sem hófust með ráni skærliða Hizbollah á tveimur íslenskum hermönnum hinn 12. júlí.

salvar@frettabladid.is

HVAÐ ÞARF AÐ GERAST TIL AÐ VOPNAHLÉ KOMIST Á Í LÍBANON?

- Hizbollah hætti árásum á Ísrael
- Ísraelar hætti hernaðaraðgerðum í Líbanon
- Fimmtán þúsund friðargæsluliðar framfylgi vopnahléi
- Líbanskir hermenn sendir í suðurhluta landsins

Um 200 látnir í harðnandi átökum milli Tamílatígra og hersins á Srí Lanka:

Friðargæsla eykur viðbúnað

SRI LANKA Átök milli Tamílatígra og hersins á Srí Lanka fara harðnandi og eru nú þau mestu síðan samið var um vopnahlé fyrir fjórum árum síðan.

Þorfinnur Ómarsson, talsmaður íslenskra friðargæsluliða á Srí Lanka, segir viðbúnaðarstig þeirra hafi verið aukið en enginn hafi verið kallaður burt enn sem komið er.

Átök eru hvað mest í bæki-stöðvum tígranna á Jaffna-skaganum og flýðu þúsundir borgara í kirkjur á meðan á átökum stóð. Herinn segir 27 úr þeirra liðum hafa láttist og 80 særst í átökum á svæðinu í gær. Þá áætlaðar herinna að á milli 100-150 Tamílatígrar liggi í valnum eftir átökin.

Jörundur Valtysson hjá utanríkisráðuneytinu segir framtíð íslenskra friðargæsluliða verða meðal þess sem til umræðu verði á fundi utanríkisráðherra Íslands



SRI LANKA Átök milli Tamílatígra og hersins eru nú þau mestu í fjögur ár.

og Noregs á morgun. Með norska utanríkisráðherranum verður Jon Hansen-Bauer, sem er sérlegur sendifulltrúi Norðmanna á Srí Lanka.

Jörundur segir að íslensk stjórnvöld muni taka ákvörðun um framtíð íslenskra friðargæsluliða á Srí Lanka í ágústmánuði.

- hs

Kántrý DAGAR

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ NORDURSINS

Helga Braga
kynnar og gríðar

Briet Sunna
syngur „Western“

SKAGASTRÖND

18.- 20. ágúst

ÓKEYPIS Á SVÉID

DAGSKRÁ: www.skagastrond.is

KB BANKI

olis


Hvernig þú velur réttu töskuna fyrir barnið




Kristjana Milla Snorradóttir
löjuþjálfí veitir ráðgjöf um
val á réttri skólatösku
í Eymundsson Hallarmúla
á morgun (mánudag)
og þriðjudag á milli
kl. 16 og 17.

**ÞAÐ SKIPTIR MÁLI HVERNIG
TASKAN ER.**

- 1 Skólataskan þarf að falla þétt að hrygg barnsins.
Athugið að taskan sé vel bólstruð að aftan.



Öll bönd þurfa að vera breið, stillanleg og auðvelt að herða og losa.



Taskan má ekki vega meira en 10-20% af líkamsþyngd barnsins.

- 4 Æskilegt er að annað hvort séu brjóst- eða mjaðmafestingar sem halda töskunni sem næst líkamanum.

- 5 Skólataskan má ekki vera of breið því það hindrar eðlilegar hreyfingar hand-leggjanna.

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.8.2006

KAUP SALA

Bandaríkjadalur	70,77	71,11
Sterlingspond	134,22	134,88
Evra	90,40	90,90
Dönsk króna	12,115	12,185
Norsk króna	11,371	11,437
Sænsk króna	9,825	9,883
Japansk jen	0,6099	0,6135
SDR	105,09	105,71

Gengisvíðitala krónunnar
125,1323

HEIMILD: Söðlabanki Íslands

FÓLK Í GLEÐIGÖNGUNNI



PÓRIR WAAGFJÖRD ÁSAMT BÖRNUM SÍNUM
Þórir Waagfjörð var mættur á Laugaveginn til þess að fylgiast með göngunni ásamt börnum sínum. Hann telur stöðu samkynhneigðra hafa batnað til muna og að þeir eigi að fá aukin réttindi. Hann telur sjálfsagt að samkynhneigðr eigi jafnan rétt og gagnkynhneigðr að eignast bōrn og ættleiða.



SIGRÚN KRISTINSDÓTTIR
Sigrún Kristinsdóttir segir stöðu samkynhneigðra verða betri og betri með tímanum og hvað varðar aukin réttindi telur hún að þau komi hægt og rólega.



GARDAR SVERRISSON

Gardar Sværsson telur stöðu samkynhneigðra geta batnað enn frekar og telur samkynhneigða eiga almennt að búa við sömu réttindi og gagnkynhneigðr.



JÓNA KOLBRÚN SIGURJÓNSDÓTTIR OG HELGA SIF JÓNSDÓTTIR

Helga Sif er búin að skrá sig í sambúð með sambýliskonu sinni en vill eiga þann möguleika að geta gift sig í kirkju. Hún segir að það sé i raun það eina sem eftir er í réttindabaráttu samkynhneigðra og spáir því að það gerist í vetrur.



FRÁ GLEÐIGÖNGUNNI Gangan í ár var að venju glæsileg og höfðu þáttakendur augljóslega lagt mikla vinnu í búningana sína.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

Prjátíu þúsund í gleðigöngu

Gay pride gangan fór fram í miðbæ Reykjavíkur í gær að viðstöddu fjölmenni. Formaður Samtakanna '78 segir réttindabaráttu samkynhneigðra hér á landi standa mjög framalega í heiminum.

HÁTÍÐ Gleðigangan, sem er hápunktur Hinsegin daga, fór fram í gær og telur lögreglan að um þrjátíu þúsund manns hafi verið saman komin í miðbæ Reykjavíkur.

Gangan lagði af stað frá Hlemmi og þaðan var gengið sem leið lá niður Laugaveginn og Lækjargötuna þar sem göngunni lauk. Þá tóku við stórtónleikar þar sem fram komu meðal annarra Reginá Ósk og Friðrik Ómar.

Fólk á öllum aldri var mætt til þess að taka þátt í hátíðarhöldum dagsins og fylgjast með því sem fram fór. Tónlist og gleði var alls-

ráðandi hjá þáttakendum göngunnar og var dansað og sungið í bílasteinni sem keyrði niður Laugaveginn. Viðmælendur Fréttablaðsins í göngunni voru sammála um að réttindi samkynhneigðra hefðu aukist mikið á undanförnum árum.

Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78 segir daginn hafa gengið mjög vel og farið fram úr björtustu vonum en hún var ein heirra sem héldu undir blöðruorminn í göngunni. „Betta vex og vex, ég hélt að við hefðum náð toppnum í fyrra en það var

miklu fleira fólk í bænum en í fyrra,“ segir Hrafnhildur.

Hrafnhildur telur réttindabaráttu samkynhneigðra á Íslandi standa mjög framalega í heiminum.

„Útlendingar höfðu orð að því hérla á gangi niður Laugaveginn að ef við hefðum eitthvað til þess að flytja út þá væru það mannréttindi,“ segir Hrafnhildur glöð í bragði. „Það er eitt lagalegt atriði sem stendur úti af borðinu og það er það að vígslumenn safnaða fái heimild til þess að gefa saman samkynhneigð pör eða staðfesta samvist peirra og svo mundi ég gjarnan

vilja sjá þessu orðalagi staðfest samvist eytt út,“ segir Hrafnhildur og telur að bylting hafi orðið í réttindabaráttu samkynhneigðra á undanförnum árum.

Gleðigangan er nú haldin í sjóttá sinn á vegum Hinsegin daga og er önnur stærsta hátíð landsins. Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga, segir gönguna hafa gengið mjög vel og hafa tekist jafnvel betur en í fyrra.

Í dag verður messa klukkan fjögur í Hallgrímskirkju og lýkur hátíðinni með henni.

gudrun@frettabladid.is

Kópavogur



Takk fyrir okkur.



56%

24%

16%

4%

Samkvæmt könnun Félagsvínsindastofnunar í mars 2006.

Flestir Kópavogsþúr kjósa að Atlantsólia fái að reisa mannlusa bensinstöð í nágrenni sínu. Við þókkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á www.atlantsolia.is.

VEÐURSPÁ

um hádegi »

Sigurður P. Ragnarsdóttir, veðurfræðingur

NORDANÁTTI Í KORTUNUM

Nú er hann að snúa sér í norðanátt, sem þýðir að sunnan heða léttir smámsaman til. Vindr verður haegur í dag og milli veðri. Svipað veður er í kortunum eitthvað fram eftir vikunni nema að sú gula æflar að láta já sig í ríkan mæli sunnanlands um miðja vikuna. Það er enn dálftil óvissa með vindhraðann á þriðjudag. Sumar spár gera ráð fyrir strekkingsvindi á meðan aðrar eru með mun minni vind.

VEDURHORFUR Í BORGINNÍ Í DAG

Hæg norðaeg átt. Skyða og úrkomaði. Hiti allt að 14 stigum.

Kaupmannahöfn

Billund

Oslo

Stokkhólmur

Gautaborg

21°C skúrir

21°C skúrir

20°C hálfskýjað

23°C rigning

20°C hálfskýjað

London

Paris

Frankfurt

Friedrichshafen

Berlin

18°C skúrir

21°C skúrir

21°C skúrir

17°C skúrir

15°C rigning

Alicante

Mallorca

Algarve

Krit

Las Palmas

26°C heiðskírt

29°C léttskýjað

29°C heiðskírt

32°C heiðskírt


26°C heiðskírt

* Vindhraði er í metrum á sekundu.

» á morgun



» þriðjudagur





HUGURINN BER ÞIG
ADEINS HÁLFA LEID

ISLENSKA AUGLYSINGASTOFAN/ISA/SE32715 06/2006

NEW YORK MÍN

„ÉG GET EMJAÐ YFIR FREISTANDI KRÁSUM
Í DEAN AND DELUCA Á BROADWAY.“



FLUG OG GISTING Í 3 NÆTUR FRÁ **63.700 KR.**

Pálína Jónsdóttir, leikkona, segir frá New York í nýjum haust- og vetrarbæklingi Icelandair, Mín borg. Við bjóðum úrval pakkaferða, helgarferða til 19 áfangastaða austan hafs og vestan, golfferða og sérferða. Kynnið ykkur málið og takið síðan ákvörðun. Ævintýrin liggja í loftinu.

+ Bókaðu á www.icelandair.is

Safnaðu
Vildarpunktum

VISA Punktarnir upp í



Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS

*Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting á Hotel Edison*** í tvíbíli í 3 nætur, morgunverður og þjónustugjald. Handhafar Vildarkota VISA og Icelandair geta nýtt 10.000 Vildarpunkta sem 6.000 króna greiðslu upp í flugfargjald með áætlunarflugi Icelandair. Þetta flug gefur 4.200 - 10.600 Vildarpunkta.



KJÖRKASSINN

Mun formannskosning efta
Framsóknarflokkinn?

Já	58%
Nei	42%

SPURNING DAGSINS Í DAG
Fagnaðir þú á Gay pride
háttíðinni?

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Móttaka fiskimjölsverksmiðja á kolmunna og síld á vertíðinni:

Hátt verð fyrir mjöl og lýsi

SJÁVARÚTVEGUR Reiknað er með að kolmunnaveiðar hefjist á ný um miðjan ágúst en veiðum var hætt um miðjan júlí að sögn Guðbergs Rúnarssonar, verkefnisstjóra hjá Samtökum fiskvinnslustöðva. „Verð á mjöli og lýsi er mjög hátt núna og því fer kolmunnin mest megin í slíka vinnslu frekar en flökun. Sama á við um sildina. Eitthvað er til af frystri síld frá fyrra ári og því huga menn nú frekar að vinnslu í mjöli og lýsi.“

Rúmlega 311.500 tonnum af kolmunna hefur verið landað hér-lendis á vertíðinni. Landanir úr íslenskum skipum nema tæplega 272 þúsund tonnum, en aflaheim-

ild fyrir árið 2006 er 352.601 samkvæmt Fiskistofu. Eftirstöðvar útgefins kolmunnakvóta eru því rúmlega 80.600 tonn. Tæplega fjörutíu þúsund tonnum af kolmunna hefur verið landað úr erlendum skipum frá áramótum.

Rúmlega 34.400 tonnum af síld úr norsk-íslenska síldarstofnum hefur verið landað á vertíðinni. Heildarkvóti árið 2006 er 153.818 tonn, samkvæmt tilskipun frá sjávarútvegssráðuneytinu. Rúmlega 32.600 tonnum hefur verið landað úr íslenskum skipum á vertíðinni og rúmlega 1.800 tonnum úr erlendum skipum.

-sdg



GUÐBERGUR RÚNARSSON Verkefnisstjóri hjá Samtökum fiskvinnslustöðva segir síld og kolmunnna aðallega fara í vinnslu á mjöli og lýsi vegna þess hve hátt verð fáist fyrir það í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Atvinnuleysi eykst:

Atvinnuleysi í júlí 1,4 prósent

ATVINNA Í júlí mánuði voru 45.902 atvinnuleysisdagar skráðir á Íslandi, sem jafngildir því að 2.184 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysiskrá í mánuðinum. Áætlaður mannaflí á vinnumarkaði samkvæmt áætlun Efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis í júlí er 161.383 og því jafngilda þessar tölur 1,4 prósenta atvinnuleysi.

Meðalfjöldi atvinnulausra var 7,6 prósentum hærri í júlí, eða að meðaltali 155 fleiri en í júní. Samanborið við júlí í fyrra eru 951 færri atvinnulausir nú, sem er fækkuð um þrjátíu prósent.

-sdg

VERTU Á TÁNUM!

Teva

01 - 8874

EVEREST
FERÐA- OG ÚTVISTARVERSLUN

Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Komið með til Kanada!



HAUSTFERÐIRNAR TIL ST. JOHN'S Á NÝFUNDNALANDI HAFA SLEGIÐ RÆKILEGA Í GEGN

Brottfarir 2006: 28. - 31. okt. (lau. - þri.),
31. okt. - 4. nóv. (þri. - lau.) og 4. - 8. nóv. (lau. - mið.)

Áhugaverðar og ljúfar borgar- og verslunarferðir fyrir einstaklinga jafnt sem hápa. Aðeins 3 - 3,5 klst. beint flug og gisti á glæsilegum hótelum. Verð með sköttum frá kr. 57.300 m.v. tvo í herbergi á Holiday Inn.

Hópferðamiðstöðin
Vesttravel 

Bókið og staðfestið strax á ferðaskrifstofunni,
Hestáhlí 10, s. 587 6000, info@vesttravel.is
www.vesttravel.is www.trex.is



SJÚKRAFLUG Flugvelli í nágrenni Ísafjarðar duga ekki enn í aðflug og næturflug, að sögn bæjarstjóra. Myndin er tekin á Eskifirði.

Engin sjúkraflugvél á Ísafirði í vetur

Allt sjúkraflug á Norðurlandi verður gert út frá Akureyri næsta vetur. Engin reynsla komin á aðflug og næturflug á Pingeyrarflugvöll, segir bæjarstjórinn á Ísafirði. Yfirlæknir segist sáttur, uppfylli heilbrigðisyfirvöld öll skilyrði.

HEILBRIGDISMÁL Engin sjúkraflugvél verður staðsett á Ísafirði næsta vetur. Sjúkraflugi verður héðan í frá stýrt frá Akureyri og mun nýleg sérhönnuð sjúkraflugvél sjá um allt Norðurland.

Pessi nýja skipan mála átti upphaflega að taka gildi um síðustu áramót, en ákveðið var að fresta breytingunni bar sem gera burfti endurbætur á Pingeyrarflugvelli til að bæta skilyrði til aðflugs og næturflugs. Peim endurbótum er nú lokið og því verður engin flugvél á Ísafirði á tímabilinu 1. október til 30. apríl, eins og hefur verið undanfarin ár.

„Ég tel nauðsynlegt að hafa sjúkraflugvél hérna á Ísafirði,“ segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði. „Það er bara ekki komin reynsla á að aðflug og næturflug geti gengið upp á Pingeyrarflugvelli og það þarf tíma

til að sannreyna að það gangi. Það eru mjög ströng aðflugsskilyrði á Ísafjarðarflugvelli og hann getur orðið frekar varasamur.“

Bæjarstjórn Ísafjarðar gaf þrjú skilyrði fyrir því að geta sampykkt þessa nýju tilhögum á sjúkraflugi á Vestfjörðum. Í fyrsta lagi yrðu aðflugsskilyrði á Ísafirði eða Pingeyri að vera eins fullkominn og teknilega séð er mögulegt og þarf að vera hægt að fljúga næturflug. Í öðru lagi byrfti sjúkraflugvélin að uppfylla allar kröfur heilbrigðisstarfsfólks. Í þriðja lagi byrfti að efla starfsemi sjúkrahússins á Ísafirði og þá sérstaklega bráðaþjónustuna.

Dagný Brynjólfssdóttir, deildarstjóri í heilbrigðisráðuneytinu, segir að flugvélin sé af afar fullkominn gerð og ef meiri hjálpvanti sé hægt að nota almennar farþegaflugvélar eins og gert hefur verið hingað til. „Þjónustan mun batna og viðbragðstíminn styttast. Með flugvélunum frá Akureyri geta farið læknar sem fylgja sjúklingum alla leið, í stað þess að fjarlægja þurfi lækna úr byggðunum sem sjúklingarnir eru sóttir í,“ segir Dagný.

„Ég mundi telja að sjúkrahús-ið væri í stakk búið til að taka á móti verstu tilfellum,“ segir Þorsteinn Jóhannesson, yfirlæknir á sjúkrahúsinu á Ísafirði. „Pessar breytingar á sjúkrafluginu voru gerðar í fullu samráði við okkur og ef heilbrigðisráðuneytið stendur við sinn hluta samningsins þurfum við ekki að kippa okkur upp við þetta.“ steindor@frettabladid.is

Danir undirbúa fríblöð til að bregðast við útgáfu Nyhedsavisen:

Verjast „íslensku árásinni“

DANMÖRK Nýja danske fríblaðinu 24timer, sem stefnt er gegn væntanlegri danskum útgáfu Fréttablaðsins, Nyhedsavisen, verður ekki dreift óumbeðið til áskrifenda Politiken og Jótlandspóstsins, blaðanna sem standa að útgáfu 24timer, þegar það hefur göngu sína 17. ágúst. Frá þessu er greint á fréttavef Politiken.

Stjórn móðurþyrtækisins, JP Politikens Hus, ákvað þetta til að fyrirbyggja að fólk sem þegar fær dagblað heim til sín „finnist það vera að drukkna í pappír“.

Eftir Tøger Seidenfaden, ritstjóra Politiken, er haft: „Höd nýja fríblað samsteyppunnar er einnig Politiken í hag, þar sem það ver auglýsingahagsmuni okkar gegn íslensku árásinni.“

Útgáfufélag Berlingske Tideinde mun ákveða á þriðjudag hvort það „taki þátt í þessu blöðuga striði“, eins og Arne Ullum, ritstjóri Berlingske, er á fréttavef Extra Bladet sagður hafa orðað það í innanhússtölvupósti í gær, föstudag. Slíku fríblaði væri aðeins ætlað „að reka Íslending-



BÚAST TIL VARNAR Stærstu áskriftardagblöðin í Danmörku undirbúa fríblaðaútfáfu.

NORDICPHOTOS/APF

ana aftur út í Atlantshafið, hugsanlega áður en þeir ná fóftfestu á danskri foldu“.

-aa

OUTLANDER **VERÐ FRÁ**
2.495.000 kr.



HVÍTA HUSIB / SIA - 6837



VERÐLÆKKUN!

Bjóðum takmarkað magn Pajero Sport og Outlander á **NÝJU VERÐI**

PAJERO SPORT **VERÐ FRÁ**
3.395.000 kr.



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



Gildi Framsóknar eru brýnni en áður

Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, gefur kost á sér í embætti formanns Framsóknarflokksins. Jón hefur stutt flokkinn síðan hann kaus hann fyrst árið 1971 og telur mikilvægt sem aldrei fyrr að grunngilda Framsóknarflokksins njóti við stjórn landsins. Í samtali við Björn Þór Sigbjörnsson ræðir Jón um stöðu flokksins og helstu viðfangsefni stjórnmálanna á næstu árum.

Skrifborð Jóns í ráðuneytinu er snyrtilegra en skrifborð flest. Á því er ekki svo mikil sem blað að sjá en af því verða ekki dregnar aðrar ályktanir en þær að Jón vilji hafa snyrtilegt í kringum sig. Röð og reglu á hlutunum. Svona hafa skrifborðin hans verið í gegnum í arin, hvort heldur þegar hann var ritstjóri Tímans, rektor á Bifröst eða Seðlabankastjóri.

Jón hefur verið ráðherra í tæpa tvo mánuði og lætur vel af þeim tíma. „Hér eru heillandi verkefni og með þeim breytingum sem orðið hafa á stjórnslunni og í atvinnulífinu er ráðuneytið orðið að nýsköpunarráðuneyti sem vinnur að framvexti nýrra atvinnugreina.“

Þótt Jóni hafi skotið heldur óvænt upp á sjónarsvið stjórnmálanna í júní hefur hann sinnt pólitík með ýmsum hætti um árabil. „Ég hef verið árum saman í miklu starfi innan Framsóknarflokksins og fæ nú einstakt tæki-færi til að láta til míni taká að þessum heillandi vettvangi. Fram til þessa hef ég ekki sóst eftir að vera í framboði. Eg er stjórnálamaður sem hef verið meira í eftirspurn heldur en framboði. En svo breytist það.“

Efnahagsmál er sá málaflokkur sem Jón telur hvad mikilvægasta viðfangsefni stjórnmálanna á næstu árum. „Það er mjög brýnt að treysta hagkerfið, sem hefur gengið í gegnum róttækar breytingar á undanförnum árum. Hér er frjálst bankakerfi og við höfum aukið þátttöku okkar í fjölbjóðlegum viðskiptum. Svona breytingum fylgja óvænt vandamál enda er það einkenni frelsisins að vera ófyrirsjánlegt. Ef það væri fyrirsjánlegt væri það ekki frjálst.“ Jón segir að um leið og viðskiptalífið sé orðið frjálst séu stærstu framkvæmdir Íslandssögunnar í gangi á Austurlandi og nauðsynlegt að herða skrúfurnar til að auka stöðugleika og jafnvægi.

Allir eru Íslandsvinir

Sjónarmið náttúruverndar hafa stangast illilega á við virkjana-framkvæmdir og stjórnvöld hlotið harkalega gagnrýni fyrir að vinna óbætanleg spjöll á hálandinu. Jón segist skilja þau sjónarmið og telur mikilvægt að mæta gagnrýnni. „Fólk óttast að gengið sé of langt og því þarf að útskýra það sem er á döfinni. Allir eru Íslandsvinir og skilja þau verðmæti, bæði mælanleg og ómælanleg, sem eru í íslenskri náttúru. Margt breytist með þjóldendulögum og það er unnið að friðin á stærri og stærri



JÓN SIGURÐSSON „Gömul gildi Framsóknarflokksins eru brýnni en áður. Okkur nægir ekki hugmyndafræði vinstri manna sem byggist á stéttarhyggju né heldur einstaklingshyggja hægri manna. Við þurfum sterkt miðjuafi sem litur á það sem meginverkefni sitt og hugsjón að styrkja samfélagið í heild svo það geti haldið áfram að eflast.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

svæðum. Þá er unnið að ramma-áætlun um orkunýtingu í framtíðinni þar sem reynt er að leggja mat á sjónarmið hagkvæmni, tækní og ekki síst umhverfis. I þessu felst að við viljum ganga vel um landið en við viljum líka nýta auðlindir. Það ætlum við að gera af ráðdeild, virðingu og varúð.“ Jón bendir á að þunginn sé að færast frá fallvatnsnýtingu yfir til jarðvarmanýtingar, sem ekki mæti sömu tortryggni. Það standi Íslendingar frammi fyrir nýjum kafla ef draumar um djúpboranir eftir orku verða að veruleika.

Í ljósí nýrra tækifæra í atvinnulífinu og breytinga á samfélagsréðinni má velta því upp hvort áfram verði þörf fyrir stóriðjuver í landinu. Jón segir megináhersluna vera á uppyggingu lítila og meðalstórra fyrirtækja sem beri uppi þekkingarþjóðfélagið. „Þar verður fylkingarbrjóðstið. En jafnframt er ljóst að við eignum hreinar og endurnýjanlegar auðlindir sem nýtast vel í hátkniiðnaði og sjálf sagt að hafa pá möguleika í huga.“ Jón bendir á að senn taki álver í

Reyðarfirði til starfa og uppi á borðum séu hugmyndir um álver í Helguvík og við Húsavík og staekkun Straumsvíkur. Það séu verkefni næsta áratugar. „Við eignum að ganga hægt um gleðinnar dyr og aðrar hugmyndir eru ekki ákvörðunarferli.“

Íbúðaláanasjóður mikilvægur

Íslensku bankarnir hafa skilað miklum hagnaði á síðustu árum og telur Jón vöxt þeirra vera til marks um hið proskaða, vestræna fjármálakerfi sem hér er við lýði. En frelsinu fylgir ábyrgð og kveðst Jón sammála Birgi Isleifi Gunnarsyni, fyrrverandi formanni bankastjórnar Seðlabankans, sem sagði á síðasta ári að bankarnir hefðu farið offari inn á fasteignamarkaðinn. „Stjórnendur bankanna eru færir og hæfir og gera sér grein fyrir áhættunni sem fylgir þessum öra vexti. Peir eru undir ströngum eftirliti alþjóðlegra matsfyrirtækja og það er svo hlutverk stjórnvalda, stofnana og almennings að veita þeim aðhald.“

Vextir á Íslandi eru mun hæri en í löndum þar sem evran er gjaldmiðill og ekki síst að þeim ástæðum renna margir hýru auga til Evrópusambandsins. Jón segir þá hina sömu gleyma að hér ríki tímabundið þenslu- og streituástand að meðan evrlöndin glími við tregðu, til dæmis vegna skipulags á vinnumarkaði. Frjálsu og frjóu fjármálakerfi fylgi tímabundin þensla og háir vextir. „Eins og sakir standa væri því ákaflega óheppilegt fyrir okkur ef allt yrði stokkað upp í skyndingu og okkur fleygt inn í allt annað kerfi. Við þurfum tíma til að ná mjúkri lendingu. Það er mjög mikilvægt fyrir lágláunafolk, fyrir unga fólk, að þeir gerist stillilega yfir svolitinn tíma.“

Íbúðaláanasjóður hefur verið þyrnir í augum bankanna. Um skeið var útlit fyrir að hlutverk hans væri léttvægara en áður var talið en Jón bendir á að það hafi aftur breyst. „Sveiflan breyttist og bankarnir kipptu að sér hendinni. Þá kemur í ljós hve mikilvægur Íbúðaláanasjóður er. Af þessu dreg ég þá ályktun að meðan ekki hefur náð langvarandi jafnvægi

i hagkerfinu sé óhjákvæmilegt að þessi stofnun sé til.“

Þörf fyrir sterkt miðjuafi

Jón Sigurðsson var orðinn 25 ára þegar hann kaus í fyrsta sinn í maski og 1978 átti allt að vera að tjá og tundri. Eg ætla ekki að gera lítið úr þessu en ég hef séð þetta allt fyrr og þetta verkar ekki að mig sem háskalegt ástand. En menn úr öðrum flokkum vilja óykja þetta.“

Ryður ekki öðrum til hliðar

Jón situr í ríkisstjórn fyrir tilstuðlan Halldórs Ásgrímssonar, sem fór þess á leit við Jón að fá að bera upp tillögu þess efnis í þingflokk Framsóknarflokksins. Jón neitar því hins vegar að Halldór hafi átt frumkvæði að formannsframboðinu. „Sú atburðarás hófst nokkru síðar. Margir samstarfsmenn mínið innan flokksins til margra ára höfðu samband og skorudu á mig. Peir ætluðu að safna undirskriftum en það fannst mér óheppilegt enda liti það út eins og einhver pöntun. Ég bað þá um að gera það ekki en hugsaði ráð mitt og ráðfærði mig við konuna mína og ráðfagaða og tók svo ákvörðun.“

Jón býst heldur við að verða í framboði til þings í vor, þó ekki sé afráði í þeim efnum. Þaðan af síður sé ákvæði í hvaða kjördæmi hann muni bjóði sig fram, þegar og ef til þess kemur. „Ég hef ekki áhuga að ryðja óðru forystufólk til hliðar,“ segir Jón. Hann vill ekki kveða upp tú um stuðning við aðra framþjóðendur til embætta innan flokksins, segir eðlilegt að flokksfólk taki ákváðanir án þess að fá sértaka hvatningu eða viðvörum. „Hins vegar get ég sagt að við Jónína Bjartmarz erum góðir samstarfsmenn í ríkisstjórninni og höfum unnið saman áður. Við Guðni Ágústsson erum nánir persónulegir vinir til margra áratuga og við Siv höfum verið samstarfsmenn innan flokksins í mörg ár og ég hef verið stuðningsmaður hennar í kjördæminu. Ég fagna öllum framboðum og finnst eðlilegt í lýðræðislegum flokki að menn fái að kjósa. Og auðvitað er það fyrir myndin að góðu lýðræði að menn hafi um góða kosti að velja og það höfum við.“

Jóni er kunnugt um það hald manna að innviðir Framsóknarflokksins séu ekki traustir. Og raunar vilja sumir meina að sundr-



BYRJAÐU SKÓLAÁRIÐ Á BÍL SEM ER BÚINN AÐ BRILLERA Á ÖLLUM PRÓFUM

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Toyota - Betri Notuðum Bílum, þar sem fjölmargir bílar eru í boði á afbragðsgóðum kjörum. Við bjóðum námsmönnum, sem og öðrum viðskiptavinum, að sjálfsögðu aðeins bíla sem hafa staðist gæðamat og uppfylla kröfur okkar um öryggi og endingu.



Honda Accord 5 gíra, bensín
Á götuna: 12.99 Ekinn: 89.000 km
Verð: 630.000 kr. Skr.nr. YT977



Toyota Avensis 5 gíra, bensín
Á götuna: 09.98 Ekinn: 119.000 km
Verð: 670.000 kr. Skr.nr. UT774



Opel Corsa 5 gíra, bensín
Á götuna: 07.04 Ekinn: 40.000 km
Verð: 870.000 kr. Skr.nr. JA837



Fiat Palio Weekend 75 5 gíra, bensín
Á götuna: 10.99 Ekinn: 70.000 km
Verð: 540.000 kr. Skr.nr. MT559



Toyota Avensis 5 gíra, bensín
Á götuna: 01.99 Ekinn: 145.000 km
Verð: 650.000 kr. Skr.nr. PU278



Renault Megane 5 gíra, bensín
Á götuna: 11.00 Ekinn: 70.000 km
Verð: 730.000 kr. Skr.nr. OT561

Komdu og kynntu þér sértílboð okkar sem fela í sér meðal annars:

- Vetrardekk frá Sólningu, umfelguð og ásett
- 90% lánshlutfall og lengri lánstíma
- Lægri vexti og allt að 50% afslátt af lántökugjöldum,
í boði Glitnis

BNB-sölugreining

Bílnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldry, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í floknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASON

Hvernig á að bregðst við illvirkjum?

Hryðjuverkin halda áfram

Pað er engum vafa undirorpíð að heimsmyndin breyttist ótöluvert við atburðina í New York og Washington í september 2001. Heimsbyggðin hrókk svo sannarlega við, á því er enginn vafi, en hins vegar verður það vafasamara eftir því sem tíminn líður hvort viðbrögðin við þessum voðaviðburðum síðla sumars fyrir tæpum fimm árum hafi verið rétt. Það er ekki aðeins hér í Evrópu sem þessi hugsun verður æ áleitnari, heldur líka í því landi þar sem atburðirnir áttu sér stað - Bandaríkjum.

Uppljóstranir bresku löggreglunarar í síðustu viku urðu líka til þess að margir hrukku við, ekki aðeins þeir sem voru á leið yfir Atlantsahafið flugleiðis milli Bandaríkjanna og Bretlands, heldur heimsbyggðin öll. Enn sem komið er liggja fremur fáar staðreyndir opinberlega fyrir á borðinu varðandi petta mál, að því frátoldu að á briðja tug manna hefur verið handtekkinn og fleiri munu vera í sigtinu. Þá hafa yfirvöld skýrt frá því að ætlunin hafi verið að eins konar generalprufa hryðjuverkamannanna hafi átt að vera nú um helgina og upplýst hefur verið á hvern hátt illvirkjarni hafi ætlað að koma áformum sínum í framkvæmd. Viðbrögðin við þessum áformum létu ekki á sér standa hvað varðar aukna öryggisgæslu í flugi, og þau eru ekki einangruð við þá sem leika aðalhlutverkin í baráttunni gegn hryðjuverkamönnum, Bretta og Bandaríkjum, heldur snertir þetta bókstaflega alla sem ferðast flugleiðis í heiminum og reyndar miklu fleiri. Þess vegna er það ekki óeðilegt að fleiri vilji hafa áhrif á og láta í ljósí skoðanir sínar á hryðjuverkum og viðbrögðum við þeim.

Baráttan gegn nasismanum og kommúnismannum tók sinn toll og þar áttust við öflug herveldi. Hryðjuverkamennirnir vega hins vegar úr launsátri og það hefur reynst ákaflega erfitt að uppræta þær hreyfingar sem að baki þeim eru eða ná til höfuðpaura þeirra, þótt mörgum sprengjum hafi verið beint að þeim. Og brátt fyrir að Saddam Hussein sé nú undir lás og slá halda hryðjuverkin áfram. Það vantar kannski meiri umræðu, meiri samskipti og meiri skilning á báða bóga til þess að einhver árangur verði í hryðjuverkastriðinu. Í það minnsta virðist sem innrásin í Írak hafi langt í frá náð tilgangi sínum, það sýna uppljóstranir bresku löggreglunarar.

Þótt við séum fámann eyja norður í hafi hafa þessir atburðir allir áhrif á daglegt líf okkar. Undan því verður ekki komist. Við þurfum því að hafa varann á og vera við ýmsu búin. Þannig er bara veröldin i dag. Við þurfum ekki bara að vera viðbúin því að hafa hemil á fáum og tiltölulega friðsönum mótmælendum á hálendinu, heldur að vera viðbúin verri uppákomum en það.

Vonandi þurfum við þó ekki að hafa löggreglumenn í skotheldum vestum og með spenntar hríðskotabyssur innan um flugfarþega sem eru að leggja upp í langferð, enda er spurning hvaða tilgangi slikur vopnaburður þjónar. Í kjölfar uppljóstrana bresku löggreglunarar hefur mörgum líka ofboðið að sjá allan viðbúnaðinn á flugvöllunum, ekki aðeins löggregluþjóna með alvæpni, heldur líka hermenn í fullum skrúða koma akandi á brynvörðum bílum og skriðrekum að flugstöðvunum. Hvernig fær ef einhverjum af þessum vopnum yrði nú beitt, hugsa margir, yrðu það ekki fyrst og fremst saklausir borgarar sem yrðu fórnarlömbin, eins og reyndin hefur orðið í ófriði og styrjöldum í aldanna rás?

ERTU BÚIN(N) AD SKRÁ ÞIG?

REYKJAVÍKUR
MARAPON
GLITNIS
19. ÁGÚST



Skráning og
upplýsingar um
hlaupaleiðir á
marathon.is



FRÁ DEGI TIL DAGS

Týnd tunglganga

Fram kemur á fréttavef The Sydney Morning Herald að starfsmönnum bandarísku geimferðastofnunarinnar hafi tekist að týna upprunalegu upptökunum af tunglgöngu Neils Armstrong árið 1969. Starfsmenn stofnunarinnar hafa engin svór við því hvernig þeim hafi tekist að týna þessari mikilvægi upptöku, en margir þeirra sem unnu við tilfærslur og frágang þeirra eru hættir störfum eða látnir. Þeir sem aðhyllast samsærís-



kenningar um að maðurinn hafi aldrei farið til tunglsins eru líklega þeir einu sem fagna þessum fréttum.

Ótroðin slóð

Andstæðingar virkjanaframkvæmda fyrir austan gefa lítið fyrir ferðamannakort af öræfunum kringum Snæfell sem Landsvirkjun hefur gefið út. Kortið sýnir gönguleiðir á svæðinu, en þó er því sleppt að merkja inn gönguleiðina að Törfafossi og Kringilsárruna, þeim stöðum



sem náttúruunnendur hafa hvað helst harmað að muni hverfa undir Háslón.

Að sjá ekki bjálkann

Annáð sem lesendur kortsins hafa rekið augun í er stórmerkileg heilræði sem Landsvirkjun gefur göngumönnum í bæklingnum sínum. Meðal heilræðanna eru „Eyðið ekki eða spillið gróðri“, „Trulíð ekki fugla- og dýralíf“, „Hlaðið ekki vörður“ (ekki fylgr sögnum hvern það skaðar) og „Spillið ekki náttúrunum.“

Og síðast en ekki síst

„Munið að það er engin skömm að því að snúa við í tíma.“

bjorgvin@frettabladid.is
steindor@frettabladid.is

Lágir skattar - aukin velferð

Albert Einstein léti hafa það eftir sér að í verðdinni allri væri ekkiert jafn torskilið eins og tekjur skattur. Hafði honum þó tekist að skilja ymislegt býsna flókið um dagana. Umræða um skatta hefur bann leida galla að það er ekki hægt að standa í henni án þess að nota tölur en það er gómum saga og ný að talnasúpur valda þeim sem neytir meltingartruflunum. Mér er næst að halda að þeir sem fullyrða aftur og aftur að allir launbegar á Íslandi borgi tæplega 37% skatt huggi með sér sem svo: það nennir enginn að setja sig inn í hvernig skattkerfið er uppyggt. En það er staðreynð að stór hluti launþega borgar alls ekki bessa skattprósentu af laununum sínum. Tökum dæmi af manni sem hefur 200.000 krónur. Í mánaðarlaunum. Ef ekki er liðið til lífeyrissíðgalda eða annarra frádráttu þá borgar hann eða hún 44.411 krónur í skatt af þeim launum. Það svarar til 22,2% skatts - ekki 36,7% eins og gjarnan er sagt.

Lágir skattar skapa velmegun

En ég hef meiri áhyggjur af þeim sem hafa lág laun heldur en af hinum sem hafa há laun. Ég get síðan vel tekið undir með þeim sem segja að fyrirtækin í landinu verði að gæta velsæmis í launagreiðslum til stjórnenda. Fyrir nú utan hitt, að það er einfaldlega skynsamlegt fyrir fyrirtækin í landinu að sýna sanngirni og sjást sýna sanngirni í viðskiptum sínum við verkamennina í vingarðinum. En mér finnst aðrir hlutir skipta hér meira máli. A undanförnum einum og hálfum áratug höfum við íslendingar gjörbreytt þjóðfélagi okkar. Það er nú opnara, kraftmeira og öflugra heldur en nokkrusinni í sögu okkar. Þetta hefur tekist með því að lækka skatta á fólk og fyrirtæki, með einkaveðingu, með ráðeildi í ríkisfjármálum og með auknu frelsi í viðskiptum svo fátt eitt sé neftnt. Mikilvægast var að skattar á fyrirtæki voru lækkaðir úr nærrí 50% í 18% og komið var á 10% fjármagnstekjuskatt. Þessi blanda, einkum lágir skattar

Í DAG
SKATTAR

ILLUGI
GUNNARSSON



Pegar liðið er um öxl sýnist mér að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki beitt sér nægjanlega til að tryggja að eftirlitsstofnanirnar, Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið, hafi það aflu

að fyrirtæki og fjármagn, leysti úr læðingi gríðarlegan kraft. Og afleiðingarnar eru öllum ljósar. Á síðustu tíu árum eða svo hefur kaupmáttur launanna okkar eftir skatt vaxið alveg gríðarlega. Og það var annað sem gerðist, gömlu viðskiptablokkirnar sem rédu hérna öllu feykust í burtu og í staðinn komu nýjar.

Hættumerki

